

FUNDARGERÐ

325. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 13. júní 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Eiður Gísli Guðmundsson (EGG), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Glúmur Björnsson (GB) sat fundinn undir liðum 1, 2, 7 og 10a.

Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) sat fundinn undir lið 3 að hluta.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – niðurstaða
 - 2 Jarðhitaleit í Eiðapinghá
 - 3 Verkefni – staða
 - 4 Fjárhagur – sjóðstreymi
 - 5 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
 - 6 Samningar um fráveituhreinsun og rotþróatæmingu
 - 7 Samningur um vinnslueftirlit hitaveitu
 - 8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – niðurstaða starfshóps
 - 9 Næsti fundur
 - 10 Önnur mál
 - a. Neysluvatnskostir á Djúpavogi
 - b. Kvörtun MVA byggingaverktaka til Múlaþings vegna Vallargötu 2, SEY
-

1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – niðurstaða

GB kynnti minnisblað Stapa jarðfræðistofu um niðurstöðu dæluþrófunar á væntanlegu vinnslusvæði jarðhita á Búlandsnesi. Minnisblaðið verður grundvallargagn í umsókn um styrk til jarðhitavinnslu til Orkustofnunar á grundvelli nýlega fram kominnar auglýsingar þar um.

Í minnisblaðinu kemur fram að kísilhiti sé um 75 gráður sem gefur vísbendingar um sambærilegan vatnshita. Einnig kemur fram tillaga að staðsetningu og stefnu á tilraunavinnsluholu.

Framkvæmdarstjóra og GB falið að útbúa styrkumsókn og skila inn.

2 Jarðhitaleit í Eiðapinghá

GB kynnti hugmyndir sínar að undirbúningi jarðhitaleitar undir Lagarfljóti í landi Fljótsbakka. GB mun vinna fyrstu grunnrannsóknir á svæðinu í samráði við landeigendur á næstu vikum.

ÁB og AP funduðu nýlega með landeigendum Mýness II og Breiðavaðs um jarðhitaleit og -nýtingu. Niðurstaða af þeim fundi var að halda viðræðum áfram sem fyrst.

Til upplýsingar.

3 Verkefnið – staða

ÞBR kynnti stöðu helstu verkefna.

4 Fjárhagur – sjóðstreymi

Þar sem gögn Wise bárust ekki fyrir fund, fá fundamenn þau send þegar þau berast.

5 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

AP kynnti að fjárfestingaáætlun er komin í bókhaldskerfið. Enn er ólokið vinnu við dreifingu fjárfestinga á árið, sem og greiðsluáætlun. Viðaukum verður komið í kerfið á næstu dögum og sent stjórnarmönnum til upplýsingar.

6 Samningar um fráveituhreinsun og rotþróatæmingu

Framkvæmdastjóri leggur fram samningsdrög frá Hreinsitækni um tæmingu rotþróa og viðbótarsamning um leigu hreinsivirkja fráveitu á Egilsstöðum.

Framkvæmdarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7 Samningur um vinnslueftirlit hitaveitu

Fyrir liggja samningsdrög frá ÍSOR um vinnslueftirlit.

Framkvæmdarstjóra og GB falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – niðurstaða starfshóps

Starfshópur um kyndingarkosti á Seyðisfirði skilaði niðurstöðu sinni til Múlaþings í liðinni viku. Hópurinn fundaði 13 sinnum, bætti við sig meðlimum og réð sér ráðgjafa til sérfræðivinnu og skýrsluskrafa. Skv. upplýsingum framkvæmdastjóra verður málið tekið fyrir á næsta fundi Byggðarráðs Múlaþings.

9 Næsti fundur

Stjórn stefnir á að funda næst 15. ágúst en felur framkvæmdastjóra, í samráði við formann að boða til fundar fyrr ef nauðsyn krefur.

10 Önnur mál

a. Neysluvatnskostir á Djúpavogi

GB leggur fyrir minnisblað sitt um valkosti til vatnsöflunar fyrir Djúpavog.

Umræður um möguleikar leiðir til að tryggja til framtíðar nægt vatn fyrir svæðið.

AP og GB falið að vinna áfram að málinu.

b. Kvörtun MVA byggingaverktaka til Múlaþings vegna Vallargötu 2, SEY

Til umræðu og upplýsingar.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:50

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____